



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Launa- og jafnlaunastefna Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Launa- og jafnlaunastefna þessi tekur til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja öllu starfsfólki skólans þau réttindi sem kveðið er á um í [19. grein jafnréttislaga nr. 10/2008](#).

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum skal greiða laun eftir umfangi og eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem störf gera um hæfni, ábyrgð, álag, vinnuaðstæður og persónubundna þætti. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launa- og jafnlaunastefna þessi er hluti af jafnréttisáætlun Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti þeirra óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir launa- og jafnlaunastefnu Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum skuldbindur skólinn sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins [ÍST 85:2012](#) og öðlast vottun í samræmi við [lög 56/2017 um jafnlaunavottun](#).
- Framkvæma árlega launagreiningu innan skólans.
- Bregðast við ábendingum/frávikum er varðar launamál skólans með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af stjórnendum að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum skólans. Stefnan skal einnig vera aðgengileg á heimasíðu skólans.

Síðast uppfært 21.febrúar 2020